

**Vatnshæðarmælingar í Jökulsárlóni
á Breiðamerkursandi 1994**

Snorri Zóphóníasson

Unnið fyrir Vegagerð ríkisins

Greinargerð SZ-95/02

Maí 1995

VATNSHÆÐARMÆLINGAR Í JÖKULSÁRLÓNI Á BREIÐAMERKURSANDI 1994.

Þann 1. maí 1991 komu starfsmenn Vatnamælinga fyrir þrýstinema tengdum stafrænu gagnasöfnunartæki í Jökulsárlóni á Breiðamerkursandi. Skráði tækið vatnshæðina á 30 mínútna fresti.

Myndirnar hér á eftir sýna vatnshæð í Jökulsárlóni árið 1994. Hæðirnar eru skráðar í vhm 264 og birtar hér í m y.s. Miðað er við hæðarkerfi OS.

Sumarið 1993 voru settir tveir grjótgarðar yfir Jökulsána. Krónuhæð þeirra var í 0.0 m y. s. samkvæmt OS kóta. Byrjað var á þeim neðri, sem er undir brúnni, þann 28. september 1993 og honum lokið 18. október 1993. Byrjað var á þeim efri, sem er 100 m ofar, þann 19. október og honum lokið 27. október.

Þann 15. apríl 1994 brotnar rörið sem kapallinn liggur í út að skynjaranum. Rörið klemmdi kapallinn og særði. Þegar kapallinn er klemmdur lokast loftslangan og mælingarnar verða ómarktækar.

Þann 28. apríl koma SZ og PJ að mælinum og uppgötva hvað gerst hefur. Þeir losa kapallinn úr klemmunni og láta hólkin skrá um stund. Með samanburði við niðurmælingu frá fastmerki virðist hann vera í lagi. Rörið var þá lagfært og mælirinn settur í gang aftur.

Þann 26. júní koma SZ og HÓP að mælinum og uppgötva að skynjarinn hafði bilað nær strax eftir að hann var yfirgefinn síðast. Skynjarinn var tekinn upp og farið með hann til viðgerðar. Hann reyndist ónýtur. Þá var fenginn skynjari að láni hjá Landsvirkjun og honum komið fyrir þann 6. júlí. Þá stóð fremur hátt í lóninu og var nýi skynjarinn settur í rör, sem var bulað utan á það gamla. Ekki tókst að koma honum neðar en í kóta 1.043 m y.s. (OS hnit). Ætlunin var þá að koma fljótlega skynjara í eigu OS fyrir í gamla rörinu. Það reyndist hins vegar tímafrekara en ætlað var að fá nýjan skynjara þannig að lánsskynjarinn var notaður áfram. Hann var ekki nógu neðarlega til þess að ná öllum þeim vatnsborðssveiflum sem verða þannig að hann náði ekki að skrá lægstu vatnsstöðu í september og október. Hins vegar náði hann yfirleitt efsta hluta dagssveiflanna þannig að nokkuð ljóst er hver vatnsstaðan hefur verið.

Af myndinni sem sýnir vatnstöðuna í lóninu árunum 1991 - 1994 má ráða að grjótgarðarnir hafi hækkað lægstu vatnsstöðu.

Síðvetrar 1995 urðu miklar skemmdir á mælistöðinni vegna íss. Óvíst er nú um framhald mælinganna.


Vatnshæðirnar frá 1991 og 1992 eru birtar í skýrslunni: Vatnshæðarmælingar í Jökulsárlóni á Breiðamerkursandi 1991 og 1992. OS-93002/VOD-01 B.

Vatnshæðirnar frá 1993 eru birtar í skýrslunni: Vatnshæðarmælingar í Jökulsárlóni á Breiðamerkursandi 1993. Greinargerð SZ-94/02. Febrúar 1994.


Virðingafyllt


Snorri Zóphóníasson


Vatnshæð í Jökulsárlóni




Vatnshæð í Jökulsárlóni




Vatnshæð í Jökulsárlóni




Vatnshæð í Jökulsárlóni




Vatnshæð í Jökulsárlóni




Vatnshæð í Jökulsárlóni




Vatnshæð í Jökulsárlóni




Vatnshæð í Jökulsárlóni



Vatnshæð í Jökulsárlóni



Vatnshæð í Jökulsárlóni



Vatnshæð í Jökulsárlóni

